

Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Smiðju við Tjarnargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. september 2024

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2025, 2. mál

Félag atvinnurekenda (hér eftir „FA“) vísar til umsagnarbeiðni efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 17. september sl., um ofangreint mál á þingskjali 2. FA gerir eftirfarandi athugasemdir.

### 1. gr. Áfengisskattur

Líkt og áður kýs félagið að beina sjónum sínum að áfengis- og tóbakssköttum. Áfengisskattar hafa um langt skeið verið langhæstir í Evrópu en engu að síður taka þeir hækkunum ár eftir ár – og virðist engin undantekning vera gerð núna.

Árið 2023 gerði FA greiningu á breytingum á áfengissköttum í Evrópuríkjum um áramótin 2023-2024. Af þeim ríkjum sem breyttu sköttum á áfengi var það aðeins Ísland sem hækkaði þá um meira en sem nemur samræmdri vísitölu neysluverðs. Enn og aftur er gripið til þess að hækka áfengisskatta án þess að horft sé til áhrifa á atvinnulífið, að ekki sé talað um buddu neytenda. Hæstu áfengisskattar í Evrópu bitna á þeirri hraðvaxandi grein, sem áfengisframleiðsla er, en hún skapar fjölda starfa um allt land. Skattlagning sem er út úr öllu korti á sinn þátt í að Ísland á í vök að verjast sem ferðamannaland vegna hækkandi verðlags. Löngu er tímabært að hverfa frá þessari skattlagningarpólitík, enda skortir öll rök fyrir því að áfengisskattar séu hér miklu hærri en í öðrum Evrópulöndum.

FA hefur áður bent á að allan rökstuðning skorti jafnframt fyrir því fyrirkomulagi að áfengisskattur á hvern sentilítra vínanda í bjór sé um 10% hærri en áfengisskattur á sambærilega einingu í léttvíni. Eins og fram kemur að ofan er framleiðsla bjórs blómleg og vaxandi innlend atvinnugrein en léttvinsframleiðsla er engin á Íslandi.

FA leggur til að gerð verði sú breyting á frumvarpinu að hætt verði við hækkun áfengisskatts, að minnsta kosti á bjór þannig að skattlagning á léttvíni og bjór jafnist.

### 2. gr. Tóbaksskattur

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir hækkun á tóbakssköttum á vindlingum, neftóbaki og öðru tóbaki. Hækkun á skatti á tóbaki er einnig næstum árleg ásamt hækkun á áfengissköttum.

Nú liggur fyrir skv. þingmálaskrá að heilbrigðisráðherra hyggist leggja fram frumvarp í febrúar nk. er varðar tóbaksvarnir, rafrettur og nikótínvörur (heildarlög). Fjallað er um í þingmálaskránni að með frumvarpinu verði gerðar breytingar sem lúta að því að lagt verði til að sambærilegt gjald verði lagt á tóbaksvörur og tóbakslíkar vörur eins og nikótínþúða. Eins og

staðan er núna er mikill verðmunur á einum sígarettupakka sem inniheldur 20 sígarettur, sem kostar í kringum 1.500 kr.,<sup>1</sup> og einni dollu sem inniheldur 20 nikótínþúða, sem kostar í kringum 690-990 kr.<sup>2</sup> Verði frumvarp heilbrigðisráðherra að lögum getur svo orðið að 50-117% hækkun verði á einni dollu af nikótínþúðum ef leggja á sambærilegt gjald á nikótínvörur og tóbaksvörur. Þessi gífurlega hækkun, verði hún að veruleika, tekur ekki tillit til hækkunar sem lögð er til í frumvarpi þessu, og má því vænta þess að verð á nikótínvörum gæti hækkað enn meira samhliða hækkunum á tóbaksvörum.

FA leggur til að gerð verði sú breyting á frumvarpinu að hætt verði við hækkun tóbaksskatts.

## 20. gr. Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir

FA fagnar því að fjárhæð losunargjalds fyrir starfsstöðvar með árlega losun undir 25.000 tonnum fari lækkandi skv. frumvarpsdrögum. Mikilvægt er fyrir rekstraraðila sem eru með minni losun að kostnaður rjúki ekki upp úr öllu valdi. Lækkun kostnaðar milli ára, líkt og er lagt upp með hér, gæti jafnvel hvatt aðra rekstraraðila til að minnka losun og greiða heldur losunargjaldið.

## 24. gr. Atvinnutengd starfsendurhæfing og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða

FA fagnar einnig þeirri framlengingu sem er lögð til með frumvarpsdrögum í XII. kafla þess og varðar iðgjald atvinnurekenda og sjálfstætt starfandi. Með framlengingunni er iðgjaldið 0,10% af stofni í stað 0,13% út árið 2025.

Það er staðreynd að nær öll fyrirtæki hér á landi eru lítil eða meðalstór og þá hefur Evrópusambandið lagt sérstaka áherslu á að efla slík fyrirtæki sem speglast yfir í EES-samninginn.<sup>3</sup> Vegna smæðar fyrirtækja á Íslandi er mikilvægt að stuðla að hagsæld fyrirtækjanna sem skilar sér til baka til samfélagsins og felst það m.a. í því að fyrirtæki þurfi ekki að telja krónur og aura í hin ýmsu gjöld til ríkisins. Margt smátt gerir eitt stórt og því einkar jákvætt að framlengja eigi III. ákvæði til bráðabirgða út árið 2025.

## Að lokum

FA áskilur sér rétt til þess að koma á framfæri frekari athugasemdum við frumvaroið og tengd mál á síðari stigum. Þá er félagið að sjálfsgöðu reiðubúið að funda með nefndinni.

Virðingarfyllst,  
f.h. FA



Birta Sif Arnardóttir, lögfræðingur

<sup>1</sup> Verðið miðast við einn pakka sem er til sölu í matvöruverslunum og sérvorslunum.

<sup>2</sup> Verðið miðast við eina dollu sem er til sölu í matvöruverslunum og sérvorslunum.

<sup>3</sup> Utanríkisráðuneytið, Lítil og meðalstór fyrirtæki, <https://www.stjornarradid.is/media/utanrikisraduneyti-media/media/skyrslur/18kafla.pdf>